

Ársskýrsla

Landbótasjóðs Norður-Héraðs 2004



Höfundar:
Guðrún Schmidt
Arnór Benediktsson
Þór Þorbergsson

Inngangur

Í skipulagsskrá Landbótaþjóðs Norður-Héraðs kemur m.a. fram að meginmarkmið sjóðsins er að graða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapast undir Háslón við gerð Kárahnjúkavirkjunar.

Á árinu 2004 var haldið áfram uppgreðslu, sum svæðin voru stækkuð og ný svæði komu til viðbótar. Ráðgjafarmefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgreðsluaðgerðunum en nokkrir verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs.

Unnið var að uppgreðslumálum þannig að allur áburður var fluttur að Brú, síðan fluttu verktakar hann á þau svæði sem ákveðin voru til áburðargjafar.

Þau erfiðu svæði sem ungligar dreifðu á síðastliðið ár voru að mestu leyti unnin með vélum sumarið 2004. Áburðardreifingin fór fram um og eftir miðjan júní. Frágangi og eyðingu umbúða eftir áburðardreifingu var lokið í júní.

Framkvæmdir árið 2004

Í heild var dreift 132.900 kg af áburði (Fjölmóði 2) til uppgreðslu á árinu 2004. Fræ var eingöngu notað á rofsvæði í Laugarvalladal, 100 kg af fræblöndu með túnvingli og vallarsveifgrasi og 60 kg af beringspunti í rofabörð á uppgreðslusvæði við Sænautasel. Haustið 2003 var áætlað að nota meira fræ sumrið 2004 og keypti Landbótaþjóðurinn 500 kg af óhúðuðum beringspunti og 500 kg af fræblöndu með túnvingli og vallarsveifgrasi. Það fræ sem var ekki notað er geymt á góðum stað og verður notað til uppgreðslu árið 2005.

Heildarstærð uppgreðslusvæðisins var 766 ha (sjá nánar tafla 1 og mynd 1).


Samantekt aðgerða við Kárahnjúka 2004

	Fjölmóði 2/kg	Túnv./Vallarsv. kg	Beringspunktur kg	Dags. dreifingar	Samt. ha.	Mat á yfirferð svæða
Brú	29600	0	0	15.-21. jún. 04	173,1	1/3 erfitt, 2/3 auðvelt
Brú, framan við fjárhúsín	2300	0	0	21.jún.04	13,1	erfitt
Brú, utan þverár	2000	0	0	21.jún.04	11,4	erfitt
Faxahús	32500	0	0	19.jún.04	185,7	2/3 erfitt, 1/3 auðvelt
Hallarfjall	7800	0	0	16.jún.04	45,2	auðvelt
Hrafnkelsdalur+ Vaðbrekka	11800	0	0	18.-19. jún.04	67,5	1/4 auðvelt, 3/4 erfitt
Laugarvalladalur	3000	100	0	16.jún.04	10,8	1/3 auðvelt, 1/3 erfitt
Múli	10700	0	0	16.jún.04	62,4	auðvelt
Skænudalur	15000	0	0	18.-19. jún.04	85,7	erfitt
Sænautasel	18200	0	60	14.-15. jún.04	111,0	4/5 auðvelt, 1/5 erfitt
Samtals	132900	100	60		766,0	

Samtals áburður: 132.900 kg

Samtals fræ: 160 kg

(tafla 1)



(mynd 1)

Á fundi stjórnar og ráðgjafanefndar Landbótasjóðs í vor var m.a. ákveðið að sjóðurinn fjárfesti í fjórum GPS tækjum sem væru sett í vélarnar sem vinna við uppgräðslu. Þannig eru aðgerðir staðsettar nákvæmlega og skráðar jafnóðum. Auk þess fengu verktakar eyðublöð til að fylla út með viðbótarupplýsingum eins og áburðar- og fræmagn, dagsetningu dreifingarinnar o.fl. Upplýsingunum er síðan haldið til haga í gagnagrunni Landgræðslu ríkisins og unnið úr þeim þar.

Notkun GPS tækja sumarið 2004 hefur gefið mjög góða raun og er það álit Landbótasjóðs að sú fjárfesting hafi borgað sig. Skráning aðgerða er þar með nákvæm og vinnan við að halda utan um þær minnkari til muna. Anna Bragadóttir hjá Landgræðslunni á Austurlandi sá um að kenna verktökum notkun á GPS tækjunum.

Eins og áður var samið við nokkra bændur um uppgräðslustarfíð í verktöku undir stjórn Arnórs Benediktssonar.

Árangur uppgräðslustarfsins hefur í heild verið mjög góður. Hann var m.a. metinn í skoðunarferð sem var farin í lok september og má lesa nánar um það í meðfylgandi minnisblaði úr ferðinni.

Fundir og skoðunarferðir

Á árinu 2004 voru haldnir 2 formlegir fundir vegna mála Landbótasjóðs Norður-Héraðs og fylgja fundargerðir hér með.

Fundargerð.

Ráðgjafanefndar Landbótasjóðs Norður Héraðs.

*Priðjudaginn 20. janúar 2004, kom ráðgjafanefndin saman til fundar að Brúarási.
Allir nefndarmenn eru mættir.*

Arnór Benediktsson, setti fund og stjórnaði honum.

Hann skýrði frá lokum framkvæmda ársins 2003. Áburðardreifingu lauk í október. Þá var dreift viðbótarmagni af áburði 5,4 tn , sem fengið var frá Landgræðslunni og því til viðbótar 10 tn af gölluðum áburði , sem Áburðarverksmiðjan gaf til verkefnisins.

Allir efnis- og kostnaðarrekningar eru greiddir. Ekkert á því að vera til fyrirstöðu að ljúka ársreikningi.

Eitt af verkefnum nefndarinnar er að skila skýrslu um aðgerðir og árangur ársins. Stefáni Skaptasyni var falið að gera drög að skýrslunni.

Ákveðið var að landeigendur sem dreifa áburði á eigið land á vegum Landbótasjóðsins fái að hámarki 20 tn af áburði á ári sem framlag og að Þór fær dreifingu áburðarmagns inn á myndagrunn.

Nefndin þarf staðfestingu stjórnar sjóðsins á framlögum ársins og samþykki fyrir framlagðri framkvæmdaáætlun, sem samþykkt var á fundi 25. september 2003.

Nefndin sér ekki ástæðu til að breyta þeiri áætlun að svo stöddu.

Á fundinn mætti nú nýskipuð stjórn Landbótasjóðs Norður Héraðs. Hana skipa Guðgeir Þ. Ragnarsson, form og aðrir í stjórn Þorsteinn Snædal og Guðmundur Ólason. Varamenn eru: Sigvaldi H. Ragnarsson, Kári Ólason og Anna Bragadóttir. Aðalmenn mættu allir á fundinn.

Arnór bauð þau velkomin og skilgreindi verkefni fundarins, sem er að yfirfara verkefnaáætlanir sumarsins og fjármögnun.

Stuttlega var rætt um áætlanir sumarsins, verktöku o.fl.

Eins hugsanlegt verð sumarsins á áburði. Rætt um þann möguleika að kynna verkefni sjóðsins fyrir íbúum sveitarinnar og gefa einstaklingum kost á að sækja um framlög til uppgræðslu heimalanda sinna að því gefnu að þeir uppfylli skilyrði um 200 m hæðarlínu.

Niðurstaða fundarins:

1. *Nefndinni falið að vinna eftir framlagðri framkvæmdaáætlun.*
2. *Nefndinni falið að sjá um innkaup á fræi og áburði samkvæmt áætluninni.*

Ákveðið var að Ráðgjafanefndin kynni stjórninni verkefnin í skoðunarferð snemma næsta sumar.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið

Stefán Skaptason, Guðmundur Ólason, Guðgeir P. Ragnarsson, Þór Þorbergsson, Arnór Benediktsson, Þorsteinn Snædal.

Fundargerð

Föstudaginn 4. júní 2004 komu ráðgjafanefnd og stjórn landbótasjóðs Norður-Héraðs saman til fundar að Brúarási.

Mættir: Arnór Benediktsson, Stefán Skaptason og Guðrún Schmidt frá ráðgjafanefndinni og Guðgeir P. Ragnarsson, Þorsteinn Snædal og Guðmundur Ólason frá stjórn landbótasjóðsins.

Þór Þorbergsson frá ráðgjafanefndinni boðaði forföll.

Guðrún Schmidt ritaði fundargerð.

Arnór setti fundinn og stjórnaði honum. Hann skilaði kveðjum á fundinn frá Þóri Þorbergssyni sem gat ekki mætt vegna annars fundar.

Arnór sagði að tilefni fundarins er að kynna það sem búið er að gera á vegum sjóðsins, kynna ársskýrsluna og fara yfir það sem stendur til að gera í sumar. Einnig þarf að ræða um það hvort gera þurfi samning við ábúendur og/eða landeigendur jarða þar sem unnið er að uppgræðslu en menn hafa verið jákvæðir gagnvart þessu.

Á þessu ári er áætlað að dreifa 130 tn af áburði á vegum sjóðsins og er sá áburður kominn upp í Brú. Áburðurinn var fluttur frá Reyðarfirði í Brú af umboðsmanni Áburðarverksmiðjunnar hér á svæðinu.

Pantað var 500 kg af óhúðuðum beringspunti og 500 kg af fræblöndu hjá Landgræðslunni fyrir verkefni í sumar.

Fram kom að landeigendur/ábúendur vilja helst styrkja þann gróður sem til er með áburðargjöf og nota fræið eingöngu í rofabörð og ógróin svæði.

Þau svæði þar sem boríð verður á í sumar eru í löndum Laugarvalla, Vaðbrekku, Brúar, Aðalbóls og Sænautasels. Guðrún bentí á að hvað varðar uppgræðslu við Sænautasel væri best að hafa samband við Landgræðslufélag Héraðsbúa til að fá að vita hvað félagið áætlar að gera en áhugi er fyrir að stækka uppgræðslusvæðið.

Áætlað er að bera áburð á svæðið við Hallarfjall og í Laugarvallardal sem tilraun þar sem þau svæði liggja hátt yfir sjávarmáli.

Í fyrra var kynnt að eigendur jarðar geta sótt um að stunda uppgræðslu á eigin jörðum en engin sótti um.

Í ársskýrslu Landbótasjóðsins kemur m.a. fram ferlið við skipun og verkefni ráðgjafanefndar og landbótasjóðsins og fundagerðir. Þessi ársskýrsla var prentuð út í 15 eintökum og dreift til þeirra aðila sem eiga aðild að málinu.

Ákveðið var að setja ársreikning í ársskýrslu.

Næsta mál er að semja við aðila um flutning áburðarins á svæðin og dreifingu hans þar. Rætt var um hvaða leið væri fær í dreifingamálunum. Stefán sagði frá samningum Landgræðslunnar við verktaka í uppgræðsluverkefnum. Þar eru m.a. teknar fram upplýsingar um áburð og fræ (teg. og magn), verklýsingi, greiðslusýrirkomulagið og upphæð hennar. Landgræðslan borgar frá kr. 6.500 - 12.500/tn án vsk. fyrir flutning á svæðið og áburðardreifingu. Upphæðin fer eftir staðháttum, s.s. hversu aðgengilegt svæðið er.

Á vegum landbótasjóðs hefur hingað til verið unnið á svæðum sem eru aðgengileg og nálægt vegi.

Í fyrra tók Gísli að sér meiri hluta dreifingar á áburði í landi Aðalbóls, Vaðbrekku og Brúar.

Fundarmenn voru sammála um að það er betra ef fleiri aðilar, t.d. fjórir, koma að uppgræðslunni. Þá vinnst verkið hraðar og aðilar styrkja hvorn annan, t.d. er möguleiki á því að einn aðili sjái aðallega um að flytja áburðinn á svæðin. Það væri um 30 til 40 tonn af áburði sem einn aðili mun bera á. Best er ef ábúendur jarða þar sem uppgræðslan á að fara fram vinna við uppgræðsluna. Fundarmenn voru sammála um að verktakar eigi að sjá um uppihald sjálfir.

Arnór sagði frá því að unglingshópurinn hafi aðallega borið á grýtt land og í brekkur með höndunum en hagkvæmt gæti verið að hafa vél með hópnum sem getur borið á slætta mela sem eru inn á milli. Sá maður myndi þá vinna á tímajaldi eins og Anna á Brú í fyrra sem var einstöku sinnum með vélina með hópnum.

Í heild verða 24 í unglingshópnum á aldrinum 16 til 21 árs í sumar.

Talað var um að gott væri að hafa GPS tæki í vélunum sem mundu kortleggja uppgræðslusvæðin um leið og unnið er. Þetta myndi spara vinnu við kortlagningu. Stefán sagði að slík tæki kosti á bilinu kr. 30.000,- til kr. 40.000,- . Ákveðið var að sjóðurinn kaupi að minnsta kosti 2 tæki.

Guðgeir sagði frá því að ársreikningar Landbótasjóðs eru að verða tilbúnir.

Áætlað er að skipuleggja sumarið 2005 í haust og að allt verði komið á hreint fyrri part vetrarins 2005.

Lagt var til að bjóða mönnum á Norður-Héraði að sækja um ákveðið framlag til uppgræðslu á landi í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli í landbótasjóðinn. Mögulegt væri að gera þetta eftir sama kerfi og nota svipuð eyðublöð og Landgræðslan notar við landbótasjóðinn sinn.

Fundarmenn voru sammála um að þetta væri áhugavert að prófa og að merkja ákveðna upphæð úr sjóðnum.

Guðrún kynnti fyrir fundarmönnum hvernig Landgræðslan skráir aðgerðir landbótasjóðsins í gagnagrunn sinn, bæði i töflum og á loftmyndum.

Ákveðið var að ráðgjafanefndin og sjóðsstjórn muni fara á næstunni saman í skoðunarferð um uppgræðsluslusvæðin. Arnór og Guðrún munu skipuleggja ferðina.

Ákveðið var að halda næsta fund í lok júní.

Fleira var ekki bókað og fundinum slitið.

Í maí 2004 tók Guðrún Schmidt, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Austurlandi aftur sæti sitt í ráðgjafanefndinni af Stefáni Skaftasyni sem leysti hana af í barnsburðarleyfi hennar.

Í lok ágúst fór Guðrún Schmidt ásamt Kristínu Svavarsdóttur frá Landgræðslunni og Ólafi Arnalds frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins í skoðunarferð um uppgræðsluslusvæði Landbótasjóðs Norður-Héraðs. Kristín og Ólafur eru í hópi fræðimanna sem stunda rannsóknir á styrkingu gróðurs við fyrirhugað Hálslón en rannsóknirnar eru unnar fyrir Landsvirkjun. Í ferðinni var m.a. rætt um aðferðarfræði og árangur uppgræðslu við mismunandi aðstæður. Mikilvægt er að hafa öfugt upplýsingarflæði og samráð um aðgerðir og rannsóknir sem fram fara á vegum Landbótasjóðs og rannsóknarhópsins.

Þann 30. september 2004 fór sjóðsstjórn, ráðgjafanefnd, nokkrir verktakar og sveitarstjóri N-Héraðs í skoðunarferð um uppgræðsluslusvæðin á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Minnisblað

um skoðun á uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Þann 30. september 2004 var farið í skoðunarferð um uppgræðsluslusvæðin á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs. Með í fór voru: Guðgeir Þ. Ragnarsson, Þorsteinn Snædal og Guðmundur Ólason úr sjóðsstjórn, Arnór Benediktsson, Þór Þorbergsson og Guðrún Schmidt frá ráðgjafanefndinni, Jónas Þór Jóhannsson, sveitarstjóri N-Héraðs, Benedikt Arnósson og Snaebjörn V. Ólason sem unnu m.a. við uppgræðslu í summar. Farið var saman í lítilli rútu sem Jónas keyrði.

Vinna við uppgræðslu gekk mjög vel í summar og hefur verið dreift 132,9 t af áburði og 160 kg af fræi á samtals 766 ha af lítt grónum melum og öðrum rofsvæðum. GPS tæki voru notuð við dreifingu þannig að skráning aðgerða fer fram mjög nákvæmlega samtímis og verkin eru unnin. Landgræðslan var með útprentaðar loftmyndir af uppgræðsluslusvæðunum með í ferðinni.

Fyrst var keyrt að Brú og stoppað til að skoða uppgræðsluna utan Þverár. Þar var borið á með höndum af ungingahópnum í fyrra, einnig var fræi dreift undir og í

rofabörðin og síðan borið á með vélum í ár, 2 tonn á rúmlega 11 ha. Talað var um það að mikill munur væri á jarðvegsyfirborðinu strax í ár þannig að hægt var að vinna verkið með vélum en í fyrra hefði yfirborðið verið það laust að svæðið var ekki vélengengt. Árangur af þessari uppgræðslu var góður að sjá.

Síðan var horft á uppgræðslusvæðið sem er fyrir framan fjárhúsin á Brú. Að hluta til hefur þar verið borið á tvö sumar í röð en stórt svæði hafði bæst við í sumar. Um 2,3 tn af áburði var dreift á um 13 ha í sumar. Þetta eru erfið svæði til að bera á með vélum. Úr fjarlægð var ekki annað að sjá en að þetta svæði hefði tekið vel við sér.

Handan við Jöklu í landi Vaðbrekku var áburði dreift í lítt gróna hlíð. Hluti svæðisins hefur fengið áburð bæði í fyrra og í ár en svæðið var stækkað í sumar. Árangur uppgræðslunnar var vel sjáanlegur. Fram kom að það væri ósk landeigandans á Vaðbrekku að halda áfram uppgræðslu í Hálsinum sem er við veginn að Vaðbrekku og áfram.

Skoðuð var uppgræðslan við veginn á leiðinni að Aðalbóli/Hrafnkelsdal. Þar eru að hluta til melar með rofjaðri og síðan rofabörð í hlíðinni þar sem unglingsar unnu að handdreifingu í fyrra. Heildaráburðarmagn sem fór á þau svæði við Vaðbrekku og áfram í Hrafnkelsdal voru 11,8 tn á um 67 ha.

Keyrt var veginn upp við Vaðbrekku. Þar var byrjað með uppgræðslu á stóru svæði í sumar sem nefnist Skænudalur. Uppgræðslusvæðið í ár er tæpir 86 ha og var borið á það 15 tn af áburði. Svæðið er mjög grýtt og var þar af leiðandi mjög tímafrekt að bera á. Hér var hægt að sjá mun á árangri við uppgræðslu þar sem árangurinn minnkaði því hærra sem landið liggur yfir sjávarmáli en þó voru áburðaráhrifin greinileg allstaðar.

Haldið var áfram og keyrt fram hjá uppgræðslusvæði ofan við Faxahús. Sigurður á Aðalbóli byrjaði á sínum tíma með uppgræðslu á því svæði í gegnum verkefnið “Bændur græða landið”. Nú hefur svæðið stækkað mikið og nær tölувert niður hlíðina þar sem rofabörð eru algeng. Í ár hefur verið dreift 32,5 t af áburði á um 186 ha stóru svæði.

Á þetta svæði var einnig horft frá veginum hinu megin frá en þá sást mjög vel til uppgræðslunnar í hlíðinni.

Farið var í hádegismat í mótneyti Landsvirkjunar við vinnubúðir á Kárahnjúkasvæðinu.

Síðan var ekið að Laugarvallardal og horft yfir uppgræðslusvæðið sem hefur greinilega tekið vel við sér. Hér voru borin á 3 tn af áburði og 100 kg af fræblöndu (túnvingull og vallarsveifgras) á um 11 ha. Tölувvert er um virkt rof í dalnum sem mikilvægt er að stöðva.

Við Hallarfjall er uppgræðslusvæði sem var byrjað á í sumar með dreifingu á 7,8 tn á 45 ha. Það svæði liggur í um 640 m.h.y.s. Árangur er sjáanlegur en greinilega ekki eins góður og á svæðum sem liggja neðar. Það er líka ekki óliklegt að þurrkurinn í sumar hafi haft neikvæð áhrif á framvindu svæðisins.

Á uppgræðslusvæði við Reykjará í landi Brúar (Múli) er hluti svæðisins búinn að fá áburð í þrjú ár í röð, hluti í tvö ár og svo var einnig borið á hluta í fyrsta skipti í ár. Svo

er einnig smá ræma sem fékk áburð í fyrra en ekki aftur í ár. Áburðarmagnið sem var dreift í sumar eru 10,7 tn á um 62 ha.

Þriggja ára uppgræðslan lítur mjög vel út og voru menn sammála um það að sleppa að bera á hana á næsta ári. Munur sést á þriggja og tveggja ára uppgræðslu en samt er tveggja ára uppgræðslan það vel á veg komin að hægt er að sleppa að bera á hana á næsta ári. Athyglisvert er að sjá svæðið sem fékk áburð í fyrra en svo ekki aftur í samanburði við svæðið sem fékk bæði áburð í fyrra og aftur núna. Varla var hægt að sjá mun á árangri. Vel getur verið að áburðurinn frá því í fyrra nýtist einnig áfram árið eftir. Þetta styður ákvörðunin um að prófa sig meira áfram við mismunandi uppgræðslaðferðir á mismunandi svæðum.

Uppgræðsluslusvæðið fyrir ofan Brú skiptist einnig í svæði sem hafa fengið áburð þrjú ár í röð, tvö ár og svo eitt ár. Tæplega 30 tn af áburði voru borinn á um 173 ha í sumar.

Í lokin var ekið að uppgræðsluslusvæði við Sænautasel. Þar var byrjað í fyrra, bæði var áburði dreift á mela og einnig var fræi sáð undir og í rofabörð. Svæðið var síðan stækkað í ár, aðallega var farið meðfram rofabörðum með fræ og áburð og virðist árangurinn vera góður. 18,2 tn af áburði var dreift á 111 ha í sumar auk þess sem 60 kg af beringspuntsfræi hafa verið notuð í rofabörðin.

Í ferðinni var mikil rætt um áætlun uppgræðslunnar, bæði fyrir næsta ár en einnig langtímaáætlun. Ákveðið var að sleppa að bera aftur á þau svæði sem hafa fengið áburð í þrjú ár og einnig á sum þeirra svæða sem hafa fengið áburð í tvö ár og sum þeirra sem byrjuð var á í sumar. Við slika áætlun þarf að hafa í huga að sum uppgræðsluslusvæði eru á svæðum sem rennsli sauðfjár er í heiðarlönd norðan vatna og gegna þar með líka þeim tilgangi að stoppa féo af. Líklegt er að þau svæði þurfi að styrkja meira en hin svæðin svo þau poli töluverða sauðfjárbeit. Hér er aðallega um að ræða svæðið fyrir ofan Brú og við Sænautasel.

Rætt var um að stækka uppgræðsluslusvæðin í gegnum árin þannig að þau muni með tímanum ná saman í eina heild.

Ekki voru teknar ákvárdanir um áætlun í þessari ferð en ákveðið að það verði fljótlega sest niður til að gera hana. Einnig er nauðsynlegt að sjóðsstjórn komi saman m.a. til að ákveða hversu mikil fjármagn er fyrir hendi á næsta ári. Svo þarf að ákveða gjald fyrir dreifingu á svæðin með tilliti til hversu erfitt er að fara yfir þau.

Guðrún Schmidt

Áætlun 2005

Gert er ráð fyrir að kaupa 200 tn af tilbúnum áburði til uppgræðsluframkvæmda á árinu 2005. 840 kg af því fræi sem var keypt til dreifingar árið 2004 voru ekki notuð og eru geymd til notkunar á þessu ári. Ekki er þörf á að kaupa meira fræ og þarf að gera ráð fyrir að nota allt þetta fræ í sumar.

Við Hallarfjall:

Svæðinu verður skipt í tvennt, eitt svæði fær aftur áburðarskammt en annað ekki. Með þessu er verið að prófa mismunandi uppgræðslaðferðir og verður áhugavert að bera saman áranginn. Gert er ráð fyrir **4 tn** af áburði.



Við Hallarfjall
Ljósm.: Agnar Benediktsson

Í Laugarvallardal er áætlað að bera aftur á sama svæði, **3 tn**, og stækkar svæðið með því að dreifa **3 tn** til viðbótar auk **100 kg** af fræi (blanda af vallarsveifgrasi og túnvingli).



Í Laugarvallardal

Ljósm.: Agnar Benediktsson

Ákveðið var að sleppa að bera á svæðin við **Múla**. Þar er áhugavert sýnishorn af þriggja-, tveggja og eins árs uppgræðslu sem er gott að bera saman og prófa sig áfram með mismunandi uppgræðslaðferðum.



Tveggja ára uppgræðslusvæði við Múla.

Ljósm.: Guðrún Schmidt



Munur milli eins og tveggja árs uppgræðslu á svæðinu við Reykjará í landi Brúar (Múli). Hægra megin hefur verið borð á sumarið 2003 og svo aftur 2004 en vinstra megin var byrjað að dreifa áburði sumarið 2004. Ljósm.: Guðrún Schmidt

Uppgræðsluslusvæðið við **Brú**, utan Þverár verður styrkt aftur með **2 tn** af áburði. Þetta er erfitt svæði, bæði fyrir plönturnar að ná sér á strik og einnig vinnulega séð. Þess vegna er best að “hjálpa” plöntunum aftur í ár en sleppa svo næsta ári.

Áætlað er að bera aftur á eins árs uppgræðsluslusvæðið **framan við fjárhúsin við Brú** en sleppa að bera á tveggja ára uppgræðslu. Það þarf um **1,5 tn** af áburði en einnig er gert ráð fyrir að stækka þetta svæði verulega og bera á allan mel að Rauðabergi. Best er að skipta melnum í tvennt. Svæðið **framan við Garðá, Vörðuhraun** er um 45 ha en svæðið **ofan við Gullberg-Rauðaberg** er um 89 ha. Þetta eru auðveld svæði til yfirferðar með vélum en helsti galli er hvað er langt að sækja áburð eða lengst um 2 km. Áburðarmagnið sem er áætlað á þessi tvö svæði eru **22 tn**.



Uppgræðsluslusvæðið utan Þverár við Brú. Gróðurinn hefur m.a. grænkað vel við áburðargjöf. Ljósm.: Guðrún Schmidt

Uppgræðsluslusvæðin við **Brú** og Sænautasel eru þar sem rennsli sauðfjár er í heiðarlönd norðan vatna og þjónar þar með einnig þeim tilgangi að stoppa fé af. Ákveðið var að styrkja svæðið við Brú aftur á þessu ári nema þar sem áburði hefur verið dreift þrjú ár í röð. Þar af leiðandi þarf um **30 tn** af áburði á þetta svæði.

Við **Sænautasel** verður eingöngu borið aftur á sáningar meðfram rofabörðunum og gróðurinn styrktur ofan á börðunum. Það þarf um **5 tn** til þess. Þar sem uppgræðslan hefur gengið erfiðlega í börðunum þarf e.t.v. að sá **fræi** með.

Síðan er áætlað að byrja uppgræðslu á svæðunum **milli Brúar og Sænautasels**. Á köflum er þar tölувvert virkt rof, sendnir melar og rofabörð, sem þarf að stoppa. Best er að stækka svæðið frá Sænautaseli í átt að Brú við **Grunnvatnsöldu-Netsel** en einnig að halda áfram uppgræðslu frá Brú meðfram **Þverárvatni** áleiðis að Heiðarseli. Áætlað er að bera á um 175 ha stórt svæði við Grunnvatnsöldu-Netsel og á um 100 ha við Þverárvatn eða í heild um **46,5 tn** af áburði. Gera má ráð fyrir einhverri **frænotkun** í börðin. Þessi svæðin eru stutt frá vegi.

Austan Jöklu í landi **Vaðbrekku** eru tveggja og eins árs uppgræðsluslusvæði í hlíðinni. Þetta er mjög erfitt svæði til vélavinnu. Ákveðið var að sleppa að bera á það í ár en bera

aftur á það árið 2006. Í staðin er gert ráð fyrir að byrja á nýju svæði austan við Vaðbrekkuháls, Vaðbrekkumegin með 5 tn af áburði. Fræ verður notað í rofabörðin.

Í Hrafnkelsdal er gert ráð fyrir að bera ekki á svæðið við Stóra Mó á árinu 2005 en styrkja áfram þau svæði meðfram vegi. Einnig að stækka uppgræðslusvæðin á rofsvæðunum meðfram vegi. Heildaráburðarmagn: 5 tn og fræ í rofabörðin.

Uppgræðslusvæðið í Skænudal fær ekki áburð á þessu ári en aftur árið 2006. Gert er ráð fyrir að byrja á nýju svæði sem er neðan við landamerkjabeygju neðan slóðar og er um 77 ha stórt. Gert er ráð fyrir að nota um 13 tn af áburði þar.

Uppgræðslusvæðið við Faxahús á að fá aftur áburð þar sem þetta svæði liggur að hluta til í töluverðum halla með virku rofi sem reyna þarf að stoppa sem fyrst. Sleppa má hins vegar að bera aftur á svæðið sem hefur verið í “Bændur græða landið” uppgræðslu í nokkur ár áður. Áburðarmagnið hér er 30 tn.

Miðað við þessa áætlun er gert ráð fyrir að eldri uppgræðslusvæði fái 78 tn af áburði árið 2005 og byrjað verður á nýjum svæðum með 92 tn. Þá eru 30 tn eftir sem á að auglýsa til uppgræðslu bænda á gömlu Norður-Héraðssvæði.

Áætlun fyrir aðgerðir við Kárahnjúka 2005

	Áburður, kg	Fræ, kg	Samt. áætlaðar ha.
Brú	30.000	0	170
Brú, framan fjárhúsin	1.500	0	8
Brú, framan við Garðá, Vöðruhraun	7.500	0	45
Brú, ofan við Gullberg-Rauðaberg	14.500	0	89
Brú, utan þverár	2.000	0	11
Faxahús	30.000	0	185
Hallarfjall	4.000	0	25
Hrafnkelsdalur	5.000	200	25
Laugavalladalur	6.000	100	30
Múli	0	0	0
Skænudalur	13.000	0	77
Sænautasel	5.000	100	20
Grunnvatnsalda-Netsel	29.500	40	175
Meðfram þverárvatni	17.000	100	100
Vaðbrekkuháls	5.000	100	25
Auglýst til uppgræðslu bænda	30.000	200	150
Samtals	200.000	840	1135



Anna Bragadóttir hjá Landgræðslunni að kenna Benedikt Amórssyni og Snæbírn V. Ólasyni notkun GPS tækja og skráningareyðublaða. Ljósm.: Agnar Benediktsson

Deloitte

**Landbótasjóður
Norður-Héraðs**

Ársreikningur 2004

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir

kt. 450204-3150

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs


Við höfum endurskoðað ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2004, hreinni eign hans 31. desember 2004, og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Egilsstöðum, 23. febrúar 2005

Deloitte hf.



Sigurður H. Pálsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álti stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 5 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 9,4 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 3,8 millj. kr. Ráðstöfun á árinu nam 6,7 millj. kr., og er ónýtt heimild til úthlutunar því alls 6,5 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2005 verði u.þ.b. 13 milljónir króna auk þess sem nú er óráðstafað, eða alls um 19,5 milljónir króna.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 19. febrúar 2005

Í stjórn

Porsteinn Sverði
Anna H. Bragadóttir
Göðnundur Ólason

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2004

	Skýr.	2004	2003
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	74.000.000	74.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	5.917.867	2.017.291
Hreindýraarður		344.142	0
		<u>80.262.009</u>	<u>76.017.291</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	8	10.117.859	1.827.737
Fjármagnstekjkuskattur	8	(1.011.784)	(182.773)
Vaxtagjöld	8	(845)	(1.011)
		<u>9.105.230</u>	<u>1.643.953</u>
		<u>89.367.239</u>	<u>77.661.244</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður		<u>(6.732.847)</u>	<u>(2.288.820)</u>
		<u>(6.732.847)</u>	<u>(2.288.820)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	<u>(73.553.314)</u>	<u>130.629.683</u>
		<u>(73.553.314)</u>	<u>130.629.683</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu	5	9.081.078	206.002.107
Hrein eign frá fyrra ári		<u>206.002.107</u>	<u></u>
Hrein eign í árslok	5	<u>215.083.185</u>	<u>206.002.107</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

	Skýr.	31.12.2004	31.12.2003
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	<u>57.076.369</u>	<u>130.629.683</u>
		<u>57.076.369</u>	<u>130.629.683</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	4	<u>158.623.712</u>	<u>75.372.424</u>
		<u>158.623.712</u>	<u>75.372.424</u>
		<u>215.700.081</u>	<u>206.002.107</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddir reikningar		531.351	0
Ógreiddur launakostnaður		56.353	0
Annað ógreitt		<u>29.192</u>	<u>0</u>
		<u>616.896</u>	<u>0</u>
Hrein eign		<u>215.083.185</u>	<u>206.002.107</u>
Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	5	6.534.914	3.837.122
Til ráðstöfunar síðar	5	<u>208.548.271</u>	<u>202.164.985</u>
Hrein eign samtals		<u>215.083.185</u>	<u>206.002.107</u>